

Skólaráð 22.11.22

Mættir: Björg Baldursdóttir skólastjóri, Helga Guðný Sigurðardóttir og Fjóla Borg Svavarsdóttir fulltrúar foreldra, Sif Garðarsdóttir og Ragnheiður Gísladóttir fulltrúar kennara.

1. Niðurstöður kannanna

Skólapúlsinn, niðurstöður nemendakönnunar það sem af er skólaárinu:

Virkni nemenda: yfir landsmeðaltali.

Líðan og heilsa: yfir landsmeðaltali nema þegar kemur að hollu mataræði, þar erum við undir meðaltali. Einelti mælist enn en fer minnkandi skv. niðurstöðum. Eineltismál sem eru tilkynnt (grunur um einelti/samskiptavandi) fara alltaf fyrir eineltisráð sem tekur málið fyrir með foreldrum þeirra nemenda sem um ræðir hverju sinni.

Skóla- og bekkjarandi; yfir landsmeðaltali nema í þáttunum Agi í tímum og Tíðni leiðsagnarmats, en þar erum við að lækka lítillega.

Heilt yfir erum við sátt við þessar fyrstu niðurstöður, en stjórnendur fara alltaf yfir niðurstöður og rýna þær sem og nefnd um innra mat.

2. Húsnæðismál

Stefnt er að opnun nýs skólahúsnæði haustið 2023.

Fjöldi nemenda verður meiri næsta haust en í ár þar sem útskriftarárgangurinn er fámennur og stór árgangur er að koma inn.

Við bindum vonir við að gangurinn í aðalbyggingu sem nú er lokaður vegna viðgerða, verði opnaður aftur um áramót en vinnan þar gengur mjög vel. Eins og stendur erum við í miklum húsnæðisþrengingum, kennarar hafa ekki vinnuaðstöðu, einhverjir kenna á göngunum, aðrir fara á milli nokkurra stofa með kennslugöng o.þ.á.m. hljóðfæri – en kennarar og starfsfólk allt leggst á eitt til að láta skólastarfið ganga sem eðlilegast fyrir sig og fyrir það eru skólastjórnendur þakklátir og ótrúlega stoltir af starfsfólki sínu.

3. Skólastarfið framundan

Í Kársnesskóla hefur hefðin verið sú að nemendur á yngsta og miðstigi hafa farið til kirkju á aðventu, þar sem presturinn hefur tekið á móti þeim en samverustundin hefur þó einkennst af tónlist, bæði hafa nemendur sungið mikið og nemendur í Skólahljómsveitinni hafa leikið tónlist.

Tillaga skólastjóra er að halda í þessa hefð, en þó með breyttu sniði á þann veg að fá húsnæði kirkjunnar til stundarinnar án aðkomu prests.

Hingað til hafa nemendur haft val, þ.e. þeir sem kjósa að fara ekki í kirkjuna hafa fengið val um að fara í menningarhúsin með kennara á sama tíma og kirkjuferðin.

Fulltrúar foreldra sammála þessari nálgun, notaleg samverustund og sama hvaðan gott kemur.

Fulltrúi kennara; dásamleg stund þar sem útgangspunkturinn er að syngja, hlusta á tónlist og presturinn hefur farið yfir steinda glugga Gerðar, en hefur ekki verið með trúboð.

4. Erindi frá fulltrúa skólaráðs

a) Mælingar leshraða (lesfimi viðmið Menntamálastofnunar), hvornig er verið að nota þær í Kársnesskóla? Niðurstaða fundarins að senda svör á viðkomandi fulltrúa.

b) Orðbragð starfsmanna. Í skólaráði eru ekki rædd mál einstakra starfsmanna og skólastjóri mun svara því.

c) Eineltismál, í ljósi umræðu í samfélaginu t.d. rafrænt einelti á TikTok.

Skólinn tekur öll eineltismál alvarlega og hefur á þessu skólaári m.a. unnið með nokkur mál sem tengjast TikTok (sjá umræðu um einelti í lið 1).

5. Önnur mál

Foreldraröltið gengur vel, en það gengur stundum erfiðlega að fá fólk á vakt. Það skiptir máli að fá sem flesta með, foreldrar á rölti kynnast bæði foreldrum og börnum sem þeir hitta úti, og þó að þeirra eigin börn (miðstignemendur) séu ekki úti þá mun koma að því þegar þau eldast.

Skv. Rannsókn og greiningu er aukning í áfengisneyslu unglunga og því má ekki sofna á verðinum.

Ekkó og skólinn er að fara að senda bréf til foreldra varðandi eftirlitslaus partý, áfengisneyslu o.þ.h.

Fundi slitið, fundargerð skráði Sigrún Valdimarsdóttir aðstoðarskólastjóri